

óska þess. — Kostnaðinn, sem rís af því að virða upp aptur, greiðir sá, er þess beiðist, nema svo sje, að munurinn á hinni fyrri virðingu, og þeirri, er virt er upp aptur, sje eigi minni en 10 af hundraði; þá skal kostnaðinn greiða af almannaþje.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. maí 1878.

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.

### Fyrirmynd

fyrir skrá um húseignir þær í kaupstað í sýslu, er settar eru í skatt samkvæmt lögum um húsaskatt 14. desbr. 1877, árið 18

Nöfn eiganda og heimili.	Hin skattskylda húseign.	Virðingarverð húseignarinnar.	Þinglýstar verðskuldir, er dragast frá.	Skattskyld upphæð.	Skatturinn talinn.		Athugasemdir.
					af kr.	1½ af þúsundi kr. a.	

### Auglýsing.

**59**  
20. maí.

Samkvæmt lögum um kirkjutífund í Reykjavíkur lögsagnarumdæmi 27. febr. þ. á., 3. gr., auglýsist hér með, að gjald þetta, er lagt skal á hús þau, er tryggð eru fyrir eldsvoða, eptir virðingu þeirri, sem gjörð er samkvæmt tilskipan 14. febrúar 1874, 4. og 5. gr., skal leggja á hin húsin í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eptir þeirri virðingu, er gjöra skal á þeim samkvæmt lögum um húsaskatt 14. desember 1877 og reglugjörð landshöfðingja 18. þ. m.

Undir eins og hin almenna virðing, sem fyrir er skipuð í nefndri reglugjörð, er um garð gengin á þessu ári, á bæjarfógetinn í Reykjavík að láta fjárhaldsmanni dómkirkjunnar í tje eptirrit af virðingargjörðinni, og á hann síðan tafarlaust að leggja kirkjutíundina á eptir henni og heimta saman gjaldið um fardaga-árið 1878—79 samkvæmt lögum 27. febr. þ. á.

Síðan á bæjarfógetinn að skýra fjárhaldsmanni kirkjunnar fyrir 6. júní á hverju ári frá þeim breytingum, er orðið hafa á virðingu þessara húsa frá því árið fyrir. En um virðingu þeirra húsa, sem tryggð eru fyrir eldsvoða, útvegar fjárhaldsmaður dómkirkjunnar sjer þær skýrslur, er á þarf að halda, hjá brunamálastjóranum; og á kirkjutíundin um hvert fardagaár að leggjast á eptir virðingarverði húseignanna í byrjun þess.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. maí 1878.

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.

### Fundaskýrslur amtsráðanna.

**60**  
10. marz.

#### A.

*Fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 2. dag júnímánaðar 1877.*

Fundurinn var haldinn á Akureyri af forseta ráðsins, amtmanni Christjánsson, með amtsráðsmanni Einari Ásmundssyni og vara-amtsráðsmanni Stefáni Jónssyni.

Til umræðu komu þessi málefni:

1. Voru rannsaðir sýslusjóðsreikningar fyrir árið 1876 úr Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu, og gjörðar ýmsar athugasemdir við hvern þessara reikninga út af fyrir sig. Sýslusjóðsreikningarnir úr hinum sýslum umdæmisins voru enn eigi komnir til amtsráðsins.